

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Árbakki, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Árbakka.

Deiliskipulagssvæðið tekur til um 20 ha svæðis. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir u.þ.b. 550 íbúðum, sem er fjölgun upp á 263 íbúðir frá gildandi deiliskipulagi. Þær skiptast í grófum dráttum þannig að tæplega 20% íbúðanna verða í sérbýli, og rúmlega 80% íbúðanna verða í fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð með almennum íbúðum, þ.e. íbúðir í fjölbýlishúsum, raðhúsum, parhúsum og einbýlishúsum. Einnig er gert ráð fyrir lóð undir leikskóla. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Tillagan var samþykkt í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og auglýst í samræmi við 41. gr. sömu laga. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma, og var niðurstaða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar auglýst 7. júní 2023, í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Ofangreind skipulagstillaga hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 8. júní 2023.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. júní 2023